

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Pingeyjarsveitar

123. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2013:
3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.04.2013:
4. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Pingeyjarsveit frá 15.04.2013:
5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.04.2013:
6. Fundargerð Fræðslunefndar frá 16.04.2013:
7. Erindi frá foreldrafélögum Pingeyjarskóla:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Ásta Svavarsdóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 8 lið; Fundargerð Ungmennaráðs frá 11.04.2013 og undir 9. lið; Aðalfundarboð veiðifélags Skjálfandafljóts. Einnig óskaði hann eftir að lögð yrði fram til kynningar, fundargerð Atvinnueflingar Pingeyjarsveitar frá 17.04.2013.

Samþykkt samhljóða.

2. Kjörskrá vegna alþingiskosninga 2013:

Lögð fram kjörskrá vegna alþingiskosninga 27. apríl n.k. Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélaginu eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár fimm vikum fyrir kjördag.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða kjörskrá eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

3. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10.04.2013:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 10. apríl s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni.

Fyrsti liður fundargerðar; Kvíaból, Kinn. Bygging vélaskemmu.

Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði meðmæla Skipulagsstofnunar til að heimila umrædda framkvæmd í samræmi við 1. tölulið „Ákvæði til bráðabirgða“ í 57. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þriðji liður fundargerðar; Belgsá í Fnjóskadal. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar.

Sveitarstjórn samþykkir að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdarleyfi í samræmi við framlögð gögn umsækjanda og að höfðu samráð við minjavörð Norðurlands varðandi fornminjar á svæðinu.

Fjórði liður fundargerðar; Árbót í Aðaldal. Breyting á aðalskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að auglýsa samhliða breytingu á aðal- og deiliskipulagi að kynningu lokinni skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

4. Fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 15.04.2013:

Lögð fram fundargerð stýrihóps um skólastefnu í Þingeyjarsveit frá 15. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16.04.2013:

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 16. apríl s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

6. Fundargerð Fræðslunefndar frá 16.04.2013:

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 16. apríl s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

7. Erindi frá foreldrafélögum Þingeyjarskóla:

Lagt fram erindi frá foreldrafélögum Þingeyjarskóla dags. 15. apríl s.l. þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum úr sveitarstjórn og fræðslunefnd Þingeyjarsveitar til að fara yfir niðurstöður sameiginlegs fundar foreldrafélaganna sbr. ályktun sem send hefur verið sveitarstjórn.

Samþykkir að verða við erindinu og sveitarstjóra falið að koma á fundi í samráði við foreldrafélögin.

8. Fundargerð Ungmennaráðs frá 11.04.2013:

Lögð fram fundargerð Ungmennaráðs frá 11. apríl s.l.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

9. Aðalfundur Veiðifélags Skjálfandafljóts:

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Skjálfandafljóts árið 2013 sem haldinn verður 24. apríl n.k.

Samþykkt að Árni Pétur Hilmarsson fari með umboði Þingeyjarsveitar á fundinum.

Til kynningar:

- a) Fundargerð 14. fundar stjórnar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30

Ólína Arnkelsdóttir

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Friðrika Sigurgeirsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ásta Svavarsdóttir